



## Til stjórnar Júðódeildar Njarðvíkur

Ályktun stjórnar JSÍ vegna kæru JDN og tölvupósts þjálfara JDN, Guðmundar Gunnarssonar þann 12. ágúst sl. eftir úrskurði dómstóls og áfríunardómstóls ÍSÍ sem vísaðuðu málinu frá.

Stjórn vil með erindi þessu draga saman staðreyndir máls. Þessi ályktun eru lokaorð stjórnar JSÍ varðandi málið.

Staðreyndir málsins:

1. Stjórn JSÍ var öll upplýst og sammála um aðgerðir frá upphafi þessa máls, formaður og framkvæmdastjóri fengu umboð til að vinna vörnina með lögmanni. Þau skrif sem birtst hafa á heimasíðu JDN, Víkurfréttum og samskiptamiðlun að undirlagi Guðmundar þar framkvæmdastjóri JSÍ er gerður tortryggilegur og gefið er í skyn að hann standi fyrir því að Heiðrún verði ekki gráðuð eru með öllu ósanngjörn, ósönn og óþolandi. Þvert á móti lagði hann til í tækniráði að Heiðrún fengi gráðuna 1. kyu því hún var eflaust í þeirri trú að rétt hafi verið staðið að gráðun hennar og það ætti ekki að bitna á henni að svo var ekki. Framkvæmdastjóri JSÍ hefur einungis framfylgt ákvörðunum stjórnar í þessu máli.
2. Málið snýst ekki um árangur Heiðrúnar Fjólu á RIG 2017 þar sem hún var ekki sjálf með réttmætt brúnt belti þegar hún keppti á mótinu. Engar gráðuskýrslur frá 6.kyu til 2.kyu lágu fyrir. Samþykkt tækniráðs frá 25. apríl að láta 1. kyu gráðu hennar frá des. 2016 standa þarfnast samþykkis stjórnar JSÍ.
3. Til að keppandi lenti ekki á milli í deilunni samþykkti stjórn tillögu tækniráðs á fundi 18. maí 2017 að Heiðrún fengi gráðuna 1.kyu. Heiðrún hefur því frá 18. maí 2017 gráðuna 1. kyu. Eftir 18. maí 2017 getur Heiðrún því byrjað að safna réttindum í 1. dan.
4. Varðandi sáttarboð þá voru bæði lögmaður og formaður JDN mjög á því að sáttin sem var boðin væri sanngjörn, en Guðmundur einn vill halda úti erjum um þetta einfalda mál. Engin skilyrði eru þegar menn ræða sáttarboð, heldur eru lögð fram málefni sem þarf að ræða.
5. Að lokum er það sem hefur komið upp á yfirborðið í þessu máli öllu er að Guðmundur sem hefur grænt belti 3. kyu samkvæmt skráum JSÍ, að því er haldið fram á vef JDN og samskiptamiðlum að hann sé með svartbelti eða 1. dan. Stjórn JDN hefur verið bent á þetta og óskað eftir því að rétt sé farið með upplýsingar á miðlum þeirra hvað það varðar að þjálfari þeirra sé sagður hafa aðra gráðu en hann í raun hefur. Einnig var bent á að samkv. gráðureglum JSÍ er óheimilt að bera aðra en eigin gráðu án leyfis JSÍ, hvort heldur er á mótum eða æfingum. Guðmundi Gunnarssyni þjálfara JDN er því óheimilt að bera svart belti á júdó æfingum.

### Úr gráðureglum JSÍ.

1.12 Óheimilt er judoka að bera aðra en eigin gráðu án leyfis JSÍ, hvort heldur er á mótum eða æfingum.

Einnig kom fram í samtali við Heiðrúnu og fleiri iðkendur að Guðmundur hafi gráðað þau en hann hefur ekki nokkra heimild til þess. Í gráðuskýrslum frá JDN er annar aðili skrifaður fyrir gráðunum sem er algjörlega óviðunnandi og óásættanlegt. Hingað til hefur ríkt fullkomið traust á milli JSÍ og klúbba um þessa framkvæmd, en þetta kallar á endurskoðun á gráðureglum. Vegna þessa hefur stjórn JSÍ samþykkt að engar gráðanir frá og með 1. jan. 2017 verða teknar gildar hjá JDN þar til annað verður ákveðið, nema þær sem sérstakur gráðudómari úthlutaður af JSÍ sjái um.

Ítrekað er að þessi ályktun eru lokaorð stjórnar JSÍ um þetta málefni.

Með vinsemd og virðingu,  
Fh. stjórnar JSÍ

Jóhann Másson  
formaður

Samrit sent:  
Stjórn UMFN  
ÍSÍ  
ÍRB  
Stjórn JSÍ  
Birt á vef JSÍ